

Yfirlýsing frá stjórn LS

Stjórn LS óskar eftir því við sjávarútvegsráðherra, að upplýst verði um ástæður þess að krókaafلامarksbátum var gert heimilt að tilheyra flokki uppsjávarskipa í aflaheimildum með makríl. Við það sköpuðust forsendur til flutnings á veiðiheimildum úr krókaafلامarki yfir í aflamark með óheftum flutningi á makríl til og frá viðkomandi. Magnið sem flutt hefur verið nemur þúsundum tonna af þorski, ýsu og ufsa og mun að óbreyttu hafa mikil áhrif á framboð og verð á leigumarkaði með krókaafلامark.

Þorskur í krókaafلامarkskerfi smábáta sem eingöngu var heimilt að veiða með línu eða handfærum verður undanþeginn veiðarfæratáknörkunum og stærð skipa. Flutningur aflaheimilda á þennan hátt stríðir að öllu leiti gegn ákvæði laga um stjórn fiskveiða.

Það er krafa stjórnar LS að sjávarútvegsráðherra gefi Fiskistofu nú þegar fyrirmæli um að ógilda allar tilfærslur veiðiheimilda úr krókaafلامarki yfir í aflamark þar sem makrill er notaður sem skiptimynt.

LS vekur athygli á að færslur sem hér eru til umfjöllunar geta fært viðkomandi útgerðum mikinn fjárhagslegan ávinning þar sem verð á leigukvóta í þorski er um þriðjungi hærra í aflamarki en í krókakerfi smábáta. Á heimasíðu Fiskistofu er hægt að finna dæmi um að 300 tonna aflaheimildir í þorski hjá krókaafلامarksbát hafi verið færðar á togara. Mismunur á leigutekjum á því magni er um 20 milljónir.

LS bendir á að þeir útgerðaraðilar krókaafلامarksbáta sem reitt hafa sig á leigukvóta á ári hverju, munu að óbreyttu rekast á vegg þ.s. engar heimildir verða til leigu í kerfinu. Skortur myndast og verð á veiðiheimildum mun fara yfir þolmörk. Nú þegar eru krókabátar í vandræðum vegna þess að þeir fá ekki ýsu leigða.

Þá mun veiðikerfi krókaafلامarksbáta veikjast og hætt við að útgerðaraðilar þar muni sjá sína sæng upp reidda. Útgerð margra smábáta mun að öllum líkindum lenda í vandræðum og raska þeirri fjölbreytni sem verið hefur í útgerðarflóru landsins. Umræða um sjávarútveg verður neikvæð og bent verður á enn frekari samþjöppun en orðin er þar sem nokkrir aðilar gína yfir mestum hluta veiðiheimilda landsmanna.

22. september 2019

Stjórn Landssambands smábátæigenda

